

Tilkynning
frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu veiðileyfa 2003

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 15. febrúar n.k og fer fram að Suðurgötu 108. Þeir sem ætla að fá veiðileyfi, draga númer frá kl. 11-12 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl. 14 sama dag. Mánudaginn 17. febrúar kl. 20-21,30 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108. Eftir það verða þau einnig boðin utanfélagsmönnum. Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiaáður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum leyfi til að draga fyrir sig. Skyld er að greiða árgjald áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keyþra veiðileyfa og einnig verður boðið upp á VISA-raðgreiðslur. Ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 15. júní er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra. Veiðileyfi verða seld eftir sömu reglu og áður, þannig að menn hafi frjálst val í þeirri röð sem afgreiðslunúmer segir til um, séu þeir mættir er sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð eru 2 stangir á dag að undanskildum þrem partíum þar sem eru þrjár stangir á dag. Í Fáskrúð eru 2 dagar seldir saman út á nöfn tveggja félagsmanna. Þar hefst veiði kl. 16,00 komudag (kl. 15,00 eftir 15. ágúst) og lýkur kl. 13 heimfarardag. Í Laxá er seld ein og ein stöng út á eitt nafn félagsmanna. Skyldufæði er í Laxá og er verð þess innifalið í stangarverðinu. Þar hefst veiði kl. 07,00 og lýkur að kvöldi.

Á laxasvæðinu í Andakilsá eru stöku dagarnir seldir með báðum stöngunum út á nöfn tveggja félagsmanna, og sama gildir um það, þegar tveir dagar eru seldir saman. Á stöku dögum hefst veiði kl. 07,00 og lýkur að kveldi og má koma í húsið kvöldið fyrir veiðidag, en þar sem tveir dagar eru seldir saman hefst veiði kl. 16,00 komudag (kl. 15,00 eftir 15. ágúst) og lýkur kl. 13,00 heimfarardag. Salan á silungasvæðinu er frjálst og verður í boði á söludegi.

Í Glerá er ein stöng á dag. Á söludegi verður aðeins einn dagur í boði fyrir hvern félagsmann, svo að sem flestir geti fengið þar dag sem þess óska. Í Glerá hefst veiði kl. 07,00 og lýkur að kveldi.

Heimilt er að koma í veiðihúsið kvöldið fyrir veiðidag.

Ef ágreiningur kemur upp um ofanskráðar reglur, áskilur stjórnin sér rétt til að skera þar úr í hverju tilfalli. Ens og undanfarin ár mun Ólafur G. Ólafsson hjá Sjóv-Almennum, sími 431-2800 annast sölu veiðileyfa eftir áður nefnda söludaga.

Munið aðalfundinn 5. febrúar kl. 20 að suðurgötu 108

Akranesi 28. janúar 03
Stjórn SVFA

Verðskrá

Stangaveiðifélags Akraness 2003

Fáskrúð

Fjöldi stanga	júní	stöng á dag
2 stangir	24.-26.	kr. 17,900
2 stanga	26.-28.	kr. 17,900
2 stangir	28.-30	kr. 17,900

júli

2stangir	6.-8.	kr. 24,900
2 stangir	8.-10.	kr. 24,900
2 stangir	10.-12.	kr. 25,400
2 stangir	18.-20.	kr. 25,900
2stangir	20.-22.	kr. 25,900
3stangir	22.-24.	kr. 25,900
2 stangir	30.-1.ág	25,900

ágúst

2 stangir	1.-3.	kr. 25,900
3 stangir	3.-5.	kr. 24,900
2 stangir	11.-13.	kr. 25,900
2 stangir	13.-15.	kr. 25,900
3 stangir	15.-17.	kr. 25,900
2 stangir	23.-25.	kr. 25,400
2 stangir	25.-27.	kr. 24,900
2 stangir	27.-29.	kr. 24,900

sept.

2 stangir	4.- 6.	kr. 21,500
2 stangir	6.- 8.	kr. 20,300
2 stangir	8.-10.	kr. 19,000

Glerá

Fjöldi stanga,	júli,	stöng á dag
1 stöng	7.-13.	kr.11,400
1 stöng	21.-27.	kr.11,400
	ágúst	
1 stöng	18.-24.	kr.11,400

Laxá í Leirársveit

Fjöldi stanga,	sept.	stöng á dag
6 stangir	6.	kr. 28,500
6 stangir	7.	kr. 28,500

Fæði innifalið í verðinu

Andakílsá

Fjöldi stanga, júní, stöng á dag

2	22.	kr. 13,900
2	30.	kr. 17,900

júli

2	4.	kr. 21,900
2	8.-10.	kr. 25,900
2	16.-18.	kr. 29,900
2	24.-26.	kr. 29,900

ágúst

2	1.-3.	kr. 29,900
2	9.-11.	kr. 29,900
2	17.-19.	kr. 29,900
2	25.	kr. 21,900
2	29.	kr. 21,900

sept.

2	2.	kr. 21,900
2	6.	kr. 17,900
2	10.	kr. 17,900
2	14.	kr. 17,900
2	18.	kr. 14,900
2	22.	kr. 14,900